

Nýsköpunarsjóður námsmanna
Stofnun; Listasafn Reykjavíkur
Nemi: Helena Guttormsdóttir
Umsjón: Ólöf K. Sigurðardóttir
Heiti verkefnis: Safnið og samfélagið
Lokaskýrsla

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1777
komudagur 11.3.2008

Safnið og samfélagið

Listasafn Reykjavíkur
október 1999
Helena Guttormsdóttir
kt.260663 - 7399

Safnið og samfélagið

Skýrsla um nýsköpunarverkefni unnið fyrir fræðsludeild Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum og í Ásmundarsafni með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Höfundur: Helena Guttormsdóttir.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Ritaskrá.....	5
Greining á fræðslustarfi Kjarvalsstaða.....	7
Úrvinnsla úr könnun.....	12
Væntingar í aðalnámskrá grunnskóla.....	21
Hugmyndir að kennslulíkani.....	39
Niðurstöður.....	43
Lokaorð.....	46
Heimildaskrá.....	47

III. Niðurstöður úr viðhorfskönnun meðal kennara.

Inngangur

Eitt af því sem greinir fræðslustarf safna frá því fræðslustarfi sem unnið er innan veggja skólanna, er að safnkennarinn á erfitt með að meta árangur heimsóknarinnar. Því situr safnkennarinn oft eftir með spurningar eins og; Hverju skilar heimsóknin? Getur hún haft áhrif á viðhorf og gildismat nemenda? Vekur hún nemendur til umhugsunar þegar heim er komið?


Þeir sem hugsanlega geta metið þessa þætti eru kennaranir sem fylgja nemendum. Og hvað finnst þeim sjálfum um safnaheimsóknir? Af hverju koma þeir og með hvaða nemendum? Til að fá svör við spurningum af þessum toga, lagði fræðsludeild Kjarvalsstaða síðastliðinn vetur viðhorfskönnun fyrir þá kennara sem komu með hóp á safnið. Markmiðið var að fá upplýsingar um tíðni heimsókna og viðhorf til safna og safnfræðslu Kjarvalsstaða. Alls tóku 59 kennarar þátt í könnuninni og var lögð áhersla á að ná til þeirra grunnskólakennara sem komu í safnið.

Hér á eftir koma spurningarnar og svörin við þeim í töflum. Síðan koma niðurstöðurnar í prósentum og settar í kökurit, að lokum er lesið í niðurstöðurnar. Aftast er svo eitt eintak af spurningalistanum. (Sjá fylgiskjal 1)

Viðhorfskönnun meðal kennara



Ég kenni í;

	Fjöldi
Grunnskóla	54
Framhaldsskóla	5
Samtals	59



Ég er;

	Fjöldi
Bekkjakennari	36
Myndmenntakennari	14
Listasögukennari	2
Sögukennari	0
Annað	5
Ósvarað	2
Samtals:	59





Nemendur mínir eru í;

	Fjöldi
1.bekk grunnskóla	4
2.bekk grunnskóla	7
3.bekk grunnskóla	1
4. bekk grunnskóla	0
5.bekk grunnskóla	3
6.bekk grunnskóla	25
7.bekk grunnskóla	6
8.bekk grunnskóla	1
9.bekk grunnskóla	3
10.bekk grunnskóla	4
framhaldsskóla	5



Hefur þú áður farið með nemendur þína á listasafn?

	Fjöldi
Já	41
Nei	16
Ósvarað	2
Samtals:	59



Á hvaða listasafn fórstu síðast?

	Fjöldi
Kjarvalstaði	15
Ásmundasafn	8
Listasafn Íslands	5
Önnur söfn/sýningarsali	7
Mörg söfn	7
Ósvarað	17
Samtals:	59





Ég fer að jafnaði með nemendur á listasafn/sýningar;

	Fjöldi
Oftar en einu sinni í mánuði	2
Einu sinni í mánuði	5
Tvisvar á ári	6
Sjaldnar en einu sinni á ári	14
Ósvarað	21
Samtals:	59


Ég fer að jafnaði á listasafn/sýningar;

	Fjöldi
Oftar en einu sinni í mánuði	15
Einu sinni í mánuði	11
Tvisvar á ári	17
Einu sinni á ári	7
Sjaldnar en einu sinni á ári	3
Aðeins með nemendur	1
Ósvarað	5
Samtals:	59



Hefur þessi bekkur hópur áður farið á listasafn?

	Fjöldi
Já	25
Nei	26
Ósvarað	8
Samtals:	59




Í hvaða bekk voru þau og á hvað safn var farið?

Aðeins svöruðu 14 af 59 þessari spurningu. Tíminn frá því að nemendur fóru á síðustu sýningu var frá 0 (þ.e.a.s. fóru síðast á þessu ári) til 5 ár. Meðaltími milli sýningarferða var rúm 2 ár.


Hvaðan kom frumkvæðið að því að fara á þessa sýningu?

	Fjöldi
Frá kennara (mér sjálfum)	19
Frá myndmenntakennara	14
Frá öðrum kennara	7
Frá skólastjóra	1
Frá nemendum	0
Annað	12
Ósvarað	6
Samtals:	59




Finnt þér skipta máli að nemendur kynnist íslenskri listasögu?

	Fjöldi
Miklu	45
Nokkru	9
Litlu	0
Engu	0
Ósvarað	5
Samtals:	59




Finnst þér skipta máli að nemendur kynnist myndlist?

	Fjöldi
Miklu	50
Nokkru	4
Litlu	0
Engu	0
Ósvarað	5
Samtals:	59




Finnst þér skipta máli að nemendur kynnist myndlist á safni /sýningum?

	Fjöldi
Miklu	45
Nokkru	9
Litlu	0
Engu	0
Ósvarað	5
Samtals:	59




Finnst þér mikilvægt að safnkennari taki á móti nemendum á safninu?

	Fjöldi
Mjög mikilvægt	52
Nokkuð mikilvægt	2
Skiptir litlu máli	0
Skiptir engu máli	0
Ósvarað	5
Samtals:	59




Finnst þér heimsóknin gagnleg?

	Fjöldi
Mjög	49
Nokkuð	2
Ekki nógu	0
Alls ekki	0
Ósvarað	8
Samtals:	59



Telur þú að hægt sé að tengja efni þessarar sýningar við önnur viðfangsefni nemenda?

	Fjöldi
Já	46
Líklega	4
Nei	0
Ósvarað	9
Samtals:	59




Ef ítarefni væri sent í skólana til að undirbúa heimsóknina, telur þú að ;

	Fjöldi
Tími gæfist til að vinna með efnið í skólanum	29
Það mundi auðga heimsóknina	22
Slíkur undirbúningur nægði til að kennari skoðaði sýninguna einn með bekknum	0
Annað	0
Ósvarað	8
Samtals	59


Finnt þér það röskun á skólastarfi að fara í vettvangsferðir?

	Fjöldi
Mikil	0
Nokkur	11
Lítil	17
Engin	27
Ósvarað	4
Samtals:	59




Hvert er viðhorf þitt til safnferða?

	Fjöldi
Mjög jákvætt	50
Nokkuð jákvætt	4
Frekar neikvætt	0
Mjög neikvætt	0
Ósvarað	5
Samtals:	59



Hvert er viðhorf nemenda þinna til safnferða?

	Fjöldi
Mjög jákvætt	20
Nokkuð jákvætt	30
Frekar neikvætt	2
Mjög neikvætt	0
Ósvarað	7
Samtals:	59



Annað sem þú vilt að komi fram:

Hér eru orðrétt birt nokkur svör sem lýsa þeim viðhorfum komu fram í þessum lið:

“Mér finnst vel að þessu staðið og mjög vel heppnað. Góðar móttökur og jákvætt að fá rútuferð að safninu”.

“Þetta var virkilega skemmtilegt og algjör nauðsyn að fá leiðsögn”.

“Safna/vettvangsferðir eru mjög misjafnar og fer mikið eftir skipulagi á vettvangi hvernig tekst til”.

“Nauðsynlegt er að safnakennari hafi góða þekkingu á því sem hann er að kynna og hafi örugga framkomu, til að skapa jákvætt viðhorf gagnvart listskoðun almennt”.

“Mér finnst frábært að börnin fái sérstök verkefni tengd sýningunni eins og á þessari Kjarvalssýningu. Verkefni sem gefa tilefni til umræðu og persónulegra vangaveltna nemenda”.

“Góð fræðsla á safni eykur gleði og skilning nemenda á því sem að fyrir augu ber. Því oftar sem farið er eykst innsýn og hugsun”.

“Skólinn er tvísetinn. Stundaartafla nemenda er ekki miðuð við að fara á söfn. Því þarf að raska daglegu starfi til að t.d. öll 7 ára börn komist á safn. En það vildi ég svo gjarnan”.

“Það er nokkur lenska meðal nemenda að vera á móti safnaheimsóknum, þó að þau njóti þeirra flest, þegar að á reynir”.

Niðurstöður

Ýmislegt áhugavert má lesa úr þessari viðhorfskönnun. Eitt af því sem er mjög sláandi, er að greinileg fylgni er á milli þess hvernig safnið kynnir sýningar inn í skólana og hverjir koma. Til dæmis kynnti fræðsludeild Kjarvalsstaða sérstakt verkefni fyrir 6.bekk í tengslum við Kjarvalssýningu í safninu og bauð skólum í Reykjavík rútuferðir. Af þeim kennurum sem svöruðu könnuninni voru 43% að koma með 6.bekk. Þetta sýnir augljóslega hvernig frumkvæði safnsins getur virkað sem hvati inn í skólana og jafnvel haft úrslitaáhrif á það hverju nemendur kynnast. Þessar niðurstöður gefa tvennt til kynna, í fyrsta lagi að fræðsludeild Kjarvalsstaða virðist hafa það traust hjá kennurum að þeir koma á sýningar sem fræðsludeildin leggur áherslu á að kynna og í öðru lagi að ferðakostnaður virðist skipta skólana miklu máli í safnaferðum.

Þá er það umhugsunarvert að 44% nemendahópanna voru í sinni fyrstu vettvangsferð á listasafn. Sérstaklega er þetta athyglivert þegar skoðuð eru svör kennara um mikilvægi og gagnsemi safnaheimsókna. En milli 80 og 90 % kennara sem tóku þátt í könnuninni, telja skipta miklu

máli að nemendur kynnist myndlist á safni /sýningum og að safnkennari taki á móti nemendum. Þá telja þeir heimsóknina afar gagnlega og að hana megi nýta við önnur viðfangsefni, sem nemendur eru að vinna að í skólanum. Þetta hlutfall verður enn hærra ef einungis þeir sem tóku afstöðu eru skoðaðir. Það er einnig áhugavert að aðeins í einu tilfalli af 59 kom frumkvæði að heimsókn í safnið frá skólayfirvöldum, það er skólastjóra. Þó ber að hafa eitt í huga; þeir kennarar sem taka þá ákvörðun að koma á safnið, koma þangað sennilega með jákvæðara viðhorf en þeir sem sitja í skólunum og fara ekki.

En fyrst kennarar sem koma á safnið eru svo sannfærðir um gagnsemi slíkra heimsókna og ánægðir með hverju hún skilar nemendum eins og þessar niðurstöður gefa til kynna hlýtur það að kalla á að reynt verði að finna ástæður þess að safnheimsóknir skólanema eru jafn tilviljanakenndar sem raun ber vitni. Kennarar virðast hafa mikinn áhuga á að nemendur vinni verkefni tengd heimsókninni, sem gefa tilefni til umræðna og persónulegra vangaveltna nemenda.

Þessar jákvæðu niðurstöður kalla á eina stóra spurningu: Hvers vegna eru tengsl skóla og safna jafn tilviljunarkennd og skýrslan sem Reykjavíkurborg lét vinna árið 1987 gefur til kynna. Er ekki kominn tími til að skólarnir móti ákveðna stefnu í þessum málum. Eiga börn að geta farið í gegnum grunnskólann án þess að heimsækja helstu listasöfn þjóðarinnar?